




HÓPEFLI




Tennisboltinn

Tími: 5-10 mínútur

Búnaður: Tennisbolti

Framkvæmd:

Liðið stendur í hring og þarf að færa tennisboltann á milli sín án þess að nota hendur.



Byggjum úr LEGOkubbum

Tími: 30-45 mínútur

Búnaður: LEGO kubbar (hægt að flokka þá þannig að þátttakendur hafi jafn stóra kubba)

Framkvæmd:

Tveir liðsfélagar setjast niður bak í bak. Einn byggir líkan af LEGO sem hann/hún síðan útskýrir fyrir hinum. Hinn reynir að byggja upp eins líkan. Að lokum eru líkönin borin saman og rætt er um hvernig hægt sé að byggja líkara líkan.




Tangram

*Tími: 20-60 mínútur (fer eftir erfiðleikastigi og fjölda)
Búnaður: Tangram (hægt að prenta út af netinu).*

Framkvæmd:

*Liðið vinnur saman að því að leysa eitt eða fleiri Tangram.
Ef liðið er fjölmennt má skipta því í nokkra minni hópa.*



Spilaturm

Tími: 5-15 mínútur

Búnaður: spilastokkur

Framkvæmd:

Liðið býr til eins háan turn úr spilum eins og hægt er. Það er mikilvægt að liðið styðji hvort annað og að allir fái að leggja sitt af mörkum.



Eyðieyjan

Tími: 20-30 mínútur

Búnaður: blöð, penni/blýantur

Framkvæmd:

1. Lestu upp eftirfarandi áskorun fyrir liðið:

Ef þið sem lið mynduð stranda á eyðieyju, hvaða þrjá hluti mynduð þið taka með ykkur?

Þið hafið 10 mínútur til að útbúa lista sem allir í liðinu samþykkja.

1-2-3 AF STAÐ!

2. Kynning og umræður.

Dæmi um spurningar:

Hvernig tókst ykkur að þrengja listann og velja einungis 3 hluti?

Hvernig báru þið saman hlutina og hvernig forgangsröðuðu þið?

Voruð þið ósammála? Ef svo, hvernig leystuð þið úr ágreiningi?


Sykurpúðar

Tími: 30 mínútur

Búnaður: Óeldað spaghetti, sykurpúðar

Framkvæmd:

Liðið býr til eins háan turn og hægt er með því að nota einungis spaghetti og sykurpúða. Það getur verið gaman að skipa liðinu upp í smærri hópa og búa til smá samkeppni. Síðan eru umræður um hvernig farið er að því að búa til sem hæstan turn.



Upplýsingar um röðun

Tími: 10-20 mínútur

Búnaður: blað og blýantur

Framkvæmd: gefðu liðinu eftirfarandi verkefni til að leysa úr. Ef liðið er fjölmennt getur verið gott að skipta því upp í smærri hópa.

Verkefni:

Jóhanna er hærri en Anna, en lægri en Tómas. Rúnar er hærri en Jóhanna. Marteinn hefði verið lægstur ef það hefði ekki verið fyrir Bárð. Rúnar er ekki hæstur. Setjið nú nöfnin í hæðarröð frá þeim lægsta til hins hæsta.

Helstu spurningar: Hversu margir eru krakkarnir og hvað er það sem við eigum við að finna út? Af hverju er setningin „Rúnar er ekki hæstur“ mikilvæg? Ef þessari setningu hefði verið sleppt, hver hefði lausnin þá orðið?



” Hringur ”

Tími: 5-10 mínútur

Búnaður: það þarf engan sérstakann búnað

Framkvæmd:

Liðið stendur í hring og helst í hendur þannig að öll andlit snúa inn í hringinn. Biddu nú liðið að snúa hringnum við eins fljótt og þau geta þannig að öll andlit snúi út, án þess að sleppa höndum. Leikurinn virkar einnig öfugt.



«Blinda vélmennið»

Tími: 20-40 mínútur

Búnaður: bolli/flaska eða annað álíka. Trefill/klútur til að binda fyrir augu.

Framkvæmd:

- 1. Tveir og tveir vinna saman. Einn er vélmenni, á meðan hinn er forritari. Bindið fyrir augun á vélmenninu.*
- 2. Setjið bolla/flösku í hinn enda herbergisins. Úbúið nokkurs konar völungarhús úr borðum og stólum milli bollans og vélmennisins.*
- 3. Forritarinn þarf nú að gefa vélmenninu skipanir/leiðbeiningar þannig að hann/hún kemst í gegnum völungarhúsið og tekur upp bollann. Forritarinn þarf að vera viss um að segja vélmenninu hvert einasta skref sem það þarf að taka til geta lokið verkinu.*

